



### Borgarráð

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi tímaáætlun vegna skuldabréfaútboða á fyrri hluta árs 2017:

8. febrúar  
8. mars  
5. apríl  
10. maí.

### Greinargerð

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að borgarsjóður taki lán vegna framkvæmda á árinu 2017 fyrir allt að 3.012 mkr, sbr. fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017. Gert er ráð fyrir að lántakan verði framkvæmd með stækkun á skuldabréfaflokkum borgarsjóðs, þ.e. skuldabréfaflokki RVK 53 1 (verðtryggður) og/ skuldabréfalokki RVKN35 1 (óverðtryggður).

Framsetningu útgáfuáætlunarinnar er óbreytt frá fyrra ári. Einungis eru ákveðnar dagsetningar fyrri hluta ársins en ekkert nánar um hvert útboð. Þannig er ekki ákveðið hversu háa fjárhæð er stefnt að því að bjóða út í hvert skipti heldur er fjármálastjóra heimilt að ákveða fyrirkomulag útboða í hvert sinn. Markaðsaðstæður eru breytilegar og geta breyst ört og er því nauðsynlegt að hafa svigrúm varðandi fyrirkomulag útboða. Niðurstöður hvers útboðs og tillögur verða síðan lagðar fyrir borgarráð til endanlegrar afgreiðslu.

*Birgir Björn Sigurjónsson,*  
fjármálastjóri

*Sjá meðfylgjandi yfirlit yfir tímaáætlanir fjármálaskrifstofu vegna fjármála á árinu 2017.*

